

gr. 190. gr. og 4. málsg. 193. gr. laga nr. 85/1936. Þykir vegna þessara megingalla á úrskurðinum verða að ómerkja hann og vísa máli þessu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Siglufjarðar 23. maí 1946.

Þar sem telja verður, að stefndi, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar dómarsins um að nota veittan frest vel til öflunar gagna, eins og stefndi viðurkennir, að dómariinn hafi áminnt hann um, hefur ekki notað veittan frest til þeirrar gagnaöflunar, sem hann nú óskar, enda jafnvel eftir 1. maí sá stefndi, um hvað vottorðin á rskj. 8 og 9 snerust, og hægt jafnvel eftir þann tíma að hafa leitt vitnin fyrir 9. maí, verður að telja, að stefndi hafi með framkomu sinni og óhæfum drætti á öflun gagnanna, þótt áminntur væri í upphafi málsins að hraða málinu, sem frekast væri hægt, fyrirgert rétti til frekari gagnaöflunar og beri því að neita um frekari frest í málinu.

Því úrskurðast:

Stefnda verður eigi gegn mótmælum stefnanda veittur frekari frestur í máli þessu.

Laugardaginn 15. júní 1946.

Kærumálið nr. 10/1946. Ásgrímur Albertsson
gegn

Erlendi Þorsteinssyni.

Ómerking og heimvisan.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 23. f. m., sem hingað barst 4. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105 gr. laga nr. 85/1936 skotið til hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum á bæjarþingi Siglufjarðar 23. maí þ. á., þar sem sóknaraðilja var synjað um frest í máli varnaraðilja gegn honum. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og honum veittur hæfilegur frestur til vitnaleiðslu í málinu.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í kærumálinu.

Í hinum kærða úrskurði greinir hvorki aðilja málsins né málsatvik, og málsástæðum er þar ekki lýst nema að litlu leyti. Hefur héraðsdómari því ekki gætt fyrir mæla 2. mgr. 190. gr. og 4. málsg. 193. gr. laga nr. 85/1936. Þykir vegna þessara megingalla á úrskurðinum verða að ómerkja hann og vísa máli þessu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Málkostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og visast málinu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Málkostnaður í hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Siglufjarðar 23. maí 1946.

Þar sem telja verður, að stefndi, þrátt fyrir ítrekaðar og viðurkenndar áminningar til stefnda um að nota vel hinn veitta frest til öflunar gagna, hafi ekki notað veittan frest til þeirrar gagnaöflunar, sem hann nú óskar, og jafnvel hægt eftir 1. maí að hafa leitt þessi vitni fyrir 9. s. m., verður að telja, að stefndi hafi með framkomu sinni í óhæfum drætti í öflun gagna, þótt áminntur hafi verið að hraða málinu sem frekast væri hægt, fyrirgert rétti sínum til frekari gagnaöflunar og beri því að neita gegn mótmælum stefnanda um frekari frest í málinu.

Því úrskurðast:

Stefnda verður eigi gegn mótmælum umboðsmanns stefnanda veittur frekari frestur í málinu.